

Málkostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. nóvember.

Nr. 20/1909:

Tómas Jónsson  
gegn  
Friðgeiri Hallgrímssyni.

D ó m u r :

Áfrýjandi þessa máls, Tómas Jónsson á Eskifirði, lögsótti hinn stefnda, Friðgeir Hallgrímsson sama staðar, til að greiða sér skaðabætur, 1000 kr. auk vaxta, fyrir skemdir, er urðu á eigum hans haustið 1907, er eldur kom upp í svokölluðu Finnshúsi á Eskifirði, og var málið dæmt í aukarétti Suður-Múlasýslu 26. oktbr. f. á. þannig, að stefndi var dæmdur til að greiða áfrýjandanum í skaðabætur 100 krónur, og í málskostnað 25 kr.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 19. apríl þ. á., og hefir hann fengið leyfisbréf til að leggja fram ný skjöl og skilríki í málinu, og krafist þess fyrir yfirdómi, að verði það ekki álitid sannað í málinu, eins og það liggur fyrir, að áfrýjandi hafi leigt herbergi í Finnshúsi til eins árs, þá verði það atriði látið koma undir eiði, að dóminum verði

breytt svo, að allar kröfur áfrýjanda fyrir undirrétti verði teknar til greina, svo að honum verði dæmdar 1000 kr. skaðabætur hjá stefnda, auk 5% vaxta af þeirri upphæð frá sáttakærudegi, og að honum verði dæmdur málskostnaður hjá stefnda fyrir undir- og yfirrétti. Af stefnda hálfu hefir þess aftur á móti verið krafist, að hann verði algjörlega sýknaður af öllum kærnum og kröfum áfrýjanda og honum dæmdur málskostnaður hjá áfrýjanda eftir mati yfirdómsins.

Vorið 1907, í maímánuði, leigði stefndi áfrýjanda íbúð í 2 herbergjum niðri í útenda svokallaðs Finnshúss á Eskifirði, er var eign stefnda, og flutti áfrýjandi í herbergin búslóð sína og settist þar að þá í mánuðinum. En 20. júní næst á eftir fór áfrýjandi með skipsferð til Reykjavíkur og þaðan til Skotlands, til að leita sér lækninga, skildi eftir búslóð sína í herbergjunum og fékk lykilmann að þeim til geymslu konu, er bjó í hinum helming hússins niðri, framendanum, en ekki talaði hann neitt við stefnda um burtför sína eða fyrirætlanir, né lét hann vita um þær. Í byrjun októbermánaðar var áfrýjandinn enn erlendis, og virðist hafa legið þar á spítala, og stóðu herbergin enn óhreifð eins og hann hafði skilið við þau. En þá leigði stefndi öðrum manni íbúð í þeim og lét flytja húsgögn og muni áfrýjanda úr þeim og inn í herbergi í framenda hússins niðri, er fyrgreind kona hafði haft til íbúðar, og flutti svo hinn nýi leigjandi inn í herbergin, er áfrýjandi hafði haft. En fyrsta daginn eða fyrstu dagana sem hann var þar, kviknaði í framenda hússins niðri, þar er munir áfrýjanda höfðu verið látnir, og urðu talsverðar skemdir á þeim. Heldur áfrýjandi því fram, að það hafi verið heimildarlaust af stefnda að

flytja muni sína úr herbergjunum, sem þeir voru í, því að hann hafi haft þau herbergi leigð til árs, eða frá 14. maí 1907 til jafnlangdar 1908, og hafi stefndi með því að gjöra þetta, tekið munina í ábyrgð sína og eigi að svara til þeirra í því ástandi, er þeir voru, er hann tók þá úr herbergjunum, er áfryjandi hafði skilið við þá í. Svo hafi og herbergið í framenda hússins verið óforsvaranlegur geymslustaður fyrir munina, þar sem þar hafi verið opið gat á skorsteininum eftir ofnþípu, sem ekki hafi verið byrgt, eða að eins troðið upp í, er ofn hafði um vorið verið fluttur úr herberginu og settur upp í næsta herbergi; en húsbrenninn og skemdirnar á mununum hafi einmitt orsakast af þessum skeytingarlausu frágangi á pípuopinu. Er það af þessum sökum krafa áfryjanda, að stefndi eigi að bera ábyrgð á tjóninu, er áfryjandi hafi orðið fyrir af brunanum, og bæta honum það, en hann telur skaðann nema 1000 krónum, og er það sú upphæð, er hann krefst af stefnda í máli þessu.

Að áfryjandi hafi átt leigurétt yfir umræddum herbergjum alt til 14. maí 1908 verður þó eigi álitid sannað gegn neitun stefnda, en hann heldur því fram, að hann hafi að eins leigt áfryjanda herbergin um óákveðinn tíma, þangað til hann þyrfti þeirra við handa mönnum í sinni þjónustu. Kveðst hann hafa tekið það skýrt fram við áfryjanda, að hann yrði að vera við því búinn að flytja úr húsinu hvenær sem þetta kæmi fyrir. Og nú hafi hann þarfnast hússins handa manni, er hann hafi ráðið formann á mótorbát. Þessari skýrslu stefnda um samningana um húsnæðið hefir áfryjandi ekki hnekt að neinu, og verður því að byggja á henni í málinu, en eftir henni hafði stefndi rétt til að fá umráðin yfir herbergjunum

þegar hann tók þau og leigði þau öðrum, og þó að áfrýjandi hefði eðlilega átt heimting á stuttri aðvörun eða uppsögn, þá gat eigi verið um hana að ræða hér, þar sem áfrýjandi hafði engan umboðsmann nálægan, er stefndi gat snúið sér til í fjarveru hans, enda hafði ekki einu sinni látið stefnda vita um verustað sinn erlendis. Hitt hefir ekki þýðingu í þessu sambandi, þar sem það gat ekki haft áhrif á tjón áfrýjanda af brunanum, hvort stefndi ruddi herbergin á eigið eindæmi, er hann gat að þeim komist, eða hann leitaði aðstoðar fógeta til þess.

Það verður samkvæmt þessu eigi álitíð að stefndi hafi fyrir flutning munanna úr herbergjum þeim, er þeir voru í, bakað sér sérstaka ábyrgð á afdrifum þeirra. Munirnir voru í reiðileysi er stefndi tók herbergin undir umráð sín, sem hann, eins og sagt hefir verið, hafði rétt til að gjöra, og það var í rauninni umfram skyldu sína, er stefndi skaut skjólshúsi yfir þá. Áfrýjandi hefir haldið því fram, að staðurinn, þar sem stefndi kom mununum fyrir, hafi verið óforsvaranlegur. Það eru þó engar sannanir fram komnar fyrir því, að svo hafi verið. Það er ekkert áreiðanlega upplýst um op það á skorsteininum, er sérstaklega var talið hættulegt, hvernig um það var bliúð, en það sést af málinu, að sami umbúnaðurinn hafði haldist síðan um vorið fyrir og aldrei hlotist tjón af, þótt þrúfaldlega væri lagt í ofna við sama skorstein, enda er það og alls ósannað og óvíst, hvernig bruninn atvikaðist, eða jafnvel hvar eldurinn kom fyrst upp.

Það verður samkvæmt þessu eigi álitíð, að stefnda verði gefin sök á tjóni því, er áfrýjandi varð fyrir á munum sínum við umræddan bruna, svo að hann verði skyldaður til að bæta áfrýjanda það tjón, og verður því

eigi dóminum breytt í þá átt, að skaðabótaupphæðin verði hækkuð, eins og áfryjandi hefir krafist. Hins vegar verður að staðfesta hinn áfryjaða dóm, þar sem honum hefir eigi verið gagnáfrýjað af hálfu stefnda. Í málskostnað fyrir yfirdómi virðist rétt að áfryjandi greiði stefnda 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfryjandi Tómas Jónsson greiði stefnda Friðgeiri Hallgrímssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbertingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 46/1909:

Réttvísinn  
gegn  
Guðjóni Símonarsyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Suður-Múlasýslu, uppkveðnum 4. júní þ. á., var hinn ákærði, Guðjón Símonarson á Nesi í Norðfirði, dæmdur samkvæmt 283. gr. sbr. 61. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, fyrir að leggja eld í hús sitt, í 1 árs betrunarhússvinnu, svo og til að greiða iðgjöld til þrotabús síns 72 kr., og allan af málinu og varðhaldi sínu leiðandi kostnað, þar með talin varnarlaun